

## **Titill: Kvikmyndaleikur**

Skammstöfun: **LEIK2BK05**

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Kvikmyndaleikur

Prep: 2

Einingafjöldi: 5

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum verður unnið með kvikmyndaformið og skoðað hvernig það tengist leiklist og vinnu leikarans. Farið verður í leiktæknileg atriði sem tengjast vinnu leikarans við kvikmyndir og nemendur prófa að vinna með leiknar aðstæður í kvikmynd. Einnig verður farið í uppbyggingu kvikmynda og myndskreiða og nemendur fá tækifæri til að byggja upp myndskreið, senur og stuttmyndir. Markmiðið er að nemendur öðlist skilning á kvikmyndaleik og því margþætta ferli sem kvikmyndagerð er og grunnfærni til að takast á við það.

### **Forkröfur**

LEIK2AB05/LEIK1AB05

### **Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Ferlinu við gerð kvikmynda
- Vinnu leikarans í kvikmyndum
- Kvikmyndinni sem tjáningarmiðli
- Uppbyggingu myndskreiða í kvikmyndum
- Frásagnaraðferð kvikmynda
- Mikilvægi klippingar og hljóðsetningar

### **Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast ákveðna færni í:

- Að greina kvikmyndir
- Að byggja upp myndskreið
- Að byggja upp myndræna frásögn
- Tækni leikarans í kvikmyndagerð
- Spuna sem aðferð við persónusköpun
- Handritsgerð
- Undirbúningi handrits fyrir kvikmyndatökur
- Almennum undirbúningi leikarans fyrir kvikmyndatökur

## **Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Gera leiknar senur í kvikmynd og stuttmyndir
- Skapa persónur í kvikmynd
- Taka þátt í því skapandi ferli sem gerð kvikmynda er
- Skrifa stutt kvikmyndahandrit
- Vinna skothandrit
- Greina kvikmyndir á faglegan hátt
- Skilja áhrif klippingar og hljóðs á heildarmynd kvikmynda